

Ferðamálastofa
Geirsgata 9
101Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2020
UST202010-250/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Hveravellir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðamálastofu, dagsett 26. október 2020, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Hveravalla.

Hveravellir eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 240/1975. Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að setja upp gönguteljara við gönguleið við Hveravelli. Kort sem sýnir mögulegar staðsetningar fylgdi með umsókn. Koma þarf fyrir staurum fyrir teljarann. Ákvörðun um staðsetningu teljarans og uppsetning á staurum fyrir hann mun fara fram í samstarfi við sérfræðing svæðisins til að takmarka rask við uppsetninguna. Að verkinu koma 1-3 aðilar og mun uppsetning fara fram á vormánuðum 2021.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Verkefninu fylgir lítið rask og munu niðurstöður úr teljaranum nýtast við umsjón svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ferðamálastofu fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu gönguteljara innan náttúruvættisins Hveravalla sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. maí til 30. júlí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald teljarans og ef notkun hans er hætt skal hann fjarlægður ásamt festingum.
- Staðsetning teljara verði valin í samráði við Umhverfisstofnun.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur